

Reykjavík, 16. mars 2015
Tilvísun í mál: R12120006

Ásta Guðrún Beck
Erindreki gagnsæis og samráðs

Efni: Skjalastefna Reykjavíkurborgar

Hjálögð eru drög að skjalastefnu Reykjavíkurborgar sem er afrakstur vinnu starfshóps er tók til starfa þann 28. janúar 2013 og skipaður var fulltrúum fagsviða og skrifstofa í miðlægri stjórnslu, sjá hjálagt erindisbréf hópsins. Hópurinn var stofnaður í kjölfar samþykktar borgarráðs [hér mætti koma dagsetning á þeirri samþykkt] á Nýtingu upplýsingatækni 2012-2016 en þar kom fram að nauðsynlegt væri að borgin setti sér skjalastefnu.

Óskað er umsagnar stjórnkerfis- og lýðræðisráðs á drögum að skjalastefnu Reykjavíkurborgar. Drögin verða lögð fyrir borgarráð til samþykktar ásamt umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs.

Virðingarfyllt,

Óskar J. Sandholt, skrifstofustjóri SPR

Reykjavík, 9.4.2015.

Virðingarfyllt,

Óskar J. Sandholt, skrifstofustjóri SPR

Viðauki 1

ERINDISBRÉF Starfshópur um skjalavistunarstefnu Reykjavíkurborgar

Ábyrgðarmaður:

Óskar J. Sandholt, skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu og reksturs.

Hlutverk:

Að leggja til og útfæra heildarstefnumörkun í skjalamálum Reykjavíkurborgar með það fyrir augum að skjalavistunarkerfi borgarinnar vinni sem ein heild. Meðal annars skal skoða hvort sameina eigi öll skjalakerfi í einn miðlægan grunn. Hópurinn skal meta þörf Reykjavíkur á rafrænni geymslu gagna og einnig skal hann huga að möguleikum á innra verkbeiðnakerfi tengt skjalagrunnum fyrir alla borgina. Að auki verði hugað að lausnum og skipulagi varðandi geymslu og aðgengi að ljósmyndum innan stjórnsýslunnar. Hugað verði að mismunandi geymslu eftir tegundum og notkunarviði ljósmynda, t.d. í kynningarskyni, til varðveislu o.s.frv.

Helstu verkefni:

- Að kortleggja hvernig skjalamálum borgarinnar er háttað núna hjá mismunandi sviðum og einingum.
- Að draga fram tæknilegt ástand skjalagrunna og getu þeirra til aukinnar þjónustu.
- Að draga upp mynd af því hvernig skjalamálum borgarinnar ætti að vera háttað miðað við bestu aðstæður.
- Að leggja mat á þörf fyrir langtíma rafræna varðveislu gagna.
- Að skoða möguleika á að tengja innra verkbeiðnakerfi við skjalakerfi borgarinnar.
- Að gera drög að stefnu um geymslu og notkun ljósmynda-, hreyfimynda- og hljóðskráa borgarinnar.
- Að leggja fram tillögu að útfærslu á heildstæðri skjalavistunarstefnu borgarinnar þar sem tekið er á öllum þáttum þessa erindisbréfs.

Fulltrúar í samráðshópnum:

Eygló Traustadóttir frá Skóla- og frístundasviði
Halla María Árnadóttir, Skrifstofu þjónustu og reksturs (*Skjaladeild*)
Helga Björk Laxdal frá Skrifstofu borgarstjórnar
Helga Björnsdóttir, Íþrótt- og tómstundasviði
Hulda Dóra Styrmissdóttir frá Velferðarsviði
María Guðfinnsdóttir, Skrifstofu þjónustu og reksturs (*Upplýsingatæknideild*).
Óskar J. Sandholt, Skrifstofu þjónustu og reksturs - formaður
Pálína Magnúsdóttir frá Menningar- og ferðamálasviði
Svanhildur Bogadóttir, Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (*Borgarskjalasafn*)
Örn Sigurðsson frá Umhverfis- og skipulagssviði

Starfshópurinn getur leitað eftir ráðgjöf til starfsmanna borgarinnar og annarra fagaðila vegna afmarkaðra verkefna.

Verkefnisstjóri: Linda Berry, skrifstofa þjónustu og reksturs

Starfstími:

Þrjú mánuðir frá stofnun.

Reykjavík, 28.01.2013
Óskar J. Sandholt
Skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu og reksturs



Reykjavíkurborg
Skrifstofa þjónustu og reksturs